# Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

## Ársreikningur

## 2010

án endurskoðunar eða könnunar

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogi
kt. 500310-1380

# Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

## Ársreikningur

## 2010

án endurskoðunar eða könnunar

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-9 |

# Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa í Sjávarútvegsráðstefnunni ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið Sjávarútvegsráðstefnuna ehf. vegna ársins 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða Sjávarútvegsráðstefnuna ehf. við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 20. september 2010

**Deloitte hf.**

Lárus Finnbogason
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. á árinu 2010 nam kr. 681.738. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 1.382.172, bókfært eigið fé í árslok er kr. 1.181.738 og er eiginfjárhlutfall félagsins 85%

Félagið var stofnað á árinu 2010 og eru hluthafar þess 80 í lok árs.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík 20. september 2011

**Í stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Rekstrarreikningur ársins 2010

| | Skýr. | 2010 25/2-31/12 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 5.551.029 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (207.244) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (4.493.893) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 849.892 |
| Fjármunatekjur | 3 | 2.714 |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (434) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 852.172 |
| Tekjuskattur | 5 | (170.434) |
| **Hagnaður ársins** | | 681.738 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| Eignir | Skýr. | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | |
| Viðskiptakröfur | 6 | 11.800 |
| Aðrar skammtímakröfur | 6 | 354.128 |
| Handbært fé | 6 | 1.016.244 |
| | | 1.382.172 |
| **Eignir** | | 1.382.172 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | 7 | |
| Hlutafé | | 500.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 59.087 |
| Óráðstafað eigið fé | | 622.651 |
| Eigið fé | | 1.181.738 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 5 | 170.434 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8 | 30.000 |
| | | 200.434 |
| Skuldir | | 200.434 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 1.382.172 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

| | Skýr. | 2010<br>25/2-31/12 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður | | 849.892 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 849.892 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (335.928) |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 513.964 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 2.714 |
| Greiddir vextir | | (434) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 516.244 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Innborgað hlutafé | 7 | 500.000 |
| | | 500.000 |
| Hækkun handbærs fjár | | 1.016.244 |
| Handbært fé í lok árs | | 1.016.244 |
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Veltufé frá rekstri | | 849.892 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Sjávarútvegsráðstefnan ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Sjávarútvegsráðstefnan ehf. er einkahlutafélag sem hefur þann tilgang að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## 3. Fjármunatekjur

| | 2010 |
|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 2.714 |
| | 2.714 |

## 4. Fjármagnsgjöld

| | 2010 |
|---|---|
| Önnur vaxtagjöld | 434 |
| | 434 |

## 5. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 170.434 krónum.

## 6. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2010 |
|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 11.800 |
| | 11.800 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2010 |
|---|---|
| Virðisaukaskattur | 103.640 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 250.000 |
| Fjármagnstekjuskattur | 488 |
| | 354.128 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2010 |
|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 1.016.244 |
| | 1.016.244 |

## 7. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í árslok | 500.000 | 100,0% | 500.000 |
| Eigin hlutir í árslok | 0 | 0,0% | 0 |
| | 500.000 | 100,0% | 500.000 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 500.000 og er nafnverð hvers hlutar fimm þúsund krónur. Hver hlutur jafngildir einu atkvæði.

| | Hlutafé | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2010 | | | |
| Innborgað hlutafé | 500.000 | | 500.000 |
| Hagnaður/(tap) ársins | | 681.738 | 681.738 |
| Eigið fé 31.12.2010 | 500.000 | 681.738 | 1.181.738 |

## 8. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Innborgað hlutafjárloforð | 30.000 | 0 |
| | 30.000 | 0 |

# Sundurliðanir

| | 2010 |
|---|---|
| **Rekstrartekjur** | |
| Tekjur og styrkir | 5.551.029 |
| | 5.551.029 |

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | |
|---|---|
| Skrifstofutæki og áhöld | 201.770 |
| Annar kostnaður | 5.474 |
| | 207.244 |

## Annar rekstrarkostnaður

| | |
|---|---|
| Auglýsingar | 1.196.785 |
| Ráðstefnukostnaður | 1.590.921 |
| Önnur aðkeypt þjónusta vegna ráðstefnu | 1.300.000 |
| Stofnkostnaður | 246.950 |
| Vefsíðugerð | 143.422 |
| Bankakostnaður | 15.815 |
| | 4.493.893 |